

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 44/2008

frá 25. apríl 2008

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 2/2008 frá 1. febrúar 2008 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/72/EB frá 13. desember 2007 um breytingu á tilskipun ráðsins 66/401/EBE að því er varðar skráningu tegundarinnar *Galega orientalis* Lam. ⁽²⁾.
- 3) Ákvörðun þessi varðar ekki Liechtenstein.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 2. lið (tilskipun ráðsins 66/401/EBE) í 1. hluta III. kafla I. viðauka við samninginn:

„– **32007 L 0072**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/72/EB frá 13. desember 2007 (Stjtíð. ESB L 329, 14.12.2007, bls. 37).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2007/72/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. apríl 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 154, 12.6.2008, bls. 4, og EES-viðbætur við Stjtíð. ESB nr. 33, 12.6.2008, bls. 3.

⁽²⁾ Stjtíð. ESB L 329, 14.12.2007, bls. 37.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 25. apríl 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Alan Seatter

formaður.